

Nazarenko gegn Rússlandi

Dómur frá 16. júlí 2015

Mál nr. 39438/13

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Forsjá. Umgengnisréttur. Líffræðilegt foreldri.

1. Málsatvik

Kærandi er rússneskur ríkisborgari, fæddur 1965 og búsettur í borginni Ulan-Ude. Hann og eiginkona hans höfðu eignast dóttur og farið sameiginlega með forsjá hennar eftir að þau skildu. Síðar var faðerni kæranda vefengt og kom þá í ljós að hann var ekki líffræðilegur faðir barnsins. Enda þótt yfirvöld viðurkenndu að kærandi hefði sinnt uppeldi og umönnun barnsins um fimm ára skeið varð afleiðingin sú að kærandi missti öll réttindi sem foreldri barnsins, þ. á m. réttinn til umgengni við hana. Nafn hans var máð af fæðingarvottorði barnsins og ættarnafni hennar breytt. Landslög kváðu ekki á um nokkrar undantekningar sem gátu gert kæranda kleift að halda einhverju sambandi við barnið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi hafa verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans með því að svipta sig bæði umgengni við dóttur sína og möguleikanum á að verja hagsmuni hennar fyrir dómstólum. Einnig taldi hann brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, einkum með því að sér hefði ekki verið tilkynnt um fyrirtöku málsins fyrir áfrýjunardómstóli í febrúar 2013.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að barnið hefði fæðst meðan kærandi var í hjónabandi, verið skráð dóttir hans og hann sinnt uppeldi og umönnun hennar í meira en fimm ár án efasemda um faðernið. Barnaverndaryfirvöld og sérfróðir sálfræðingar staðfestu að náin tilfinningatengsl væru milli kæranda og barnsins. Samband þeirra félli því undir fjölskyldulíf í merkingu 1. mgr. 8. gr. sáttmálans. Skortur líffræðilegra tengsla útilokaði ekki fjölskyldulíf í skilningi ákvæðisins, sbr. fyrri dómaframkvæmd dómstólsins um fósturforeldra.

Dómstóllinn leit til ósveigjanleika rússneskra lagaákvæða um umgengisrétt. Ríkið hefði engin rök fært fyrir nauðsyn þess í lýðræðisþjóðfélagi að setja fram tæmandi lista yfir þá sem ættu rétt á að viðhalda sambandi við barn, án þess að gera neinar undantekningar sem tækju mið af fjölbreytileika fjölskylduaðstæðna og því hvað barninu væri fyrir bestu. Afleiðingin yrði sú að einstaklingur eins og kærandi, sem væri óskyldur barninu en hefði annast það um langt skeið og myndað við það náin persónuleg tengsl, gæti undir engum kringumstæðum fengið umgengnisrétt, sama hvað barninu væri fyrir bestu.

Dómstóllinn var ekki sannfærður um að á sviði umgengnisréttar yrði það sem börnum væri fyrir bestu að sönnu ákvarðað með almennum löglíkum. Það að gæta eðlilegs jafnvægis milli réttinda allra hlutaðeigandi útheimti skoðun á hinum sérstöku kringumstæðum hvers máls. Túlka mætti 8. gr. sáttmálans á þann veg að hún legði ríkjunum á herðar skyldu til að skoða í hverju máli fyrir sig hvort það væri barninu fyrir bestu að viðhalda umgengni við þann einstakling, líffræðilega skyldan eða ekki, sem hefði annast það nægilega lengi. Með því að neita kæranda um réttinn til að halda sambandi við barnið án nokkurrar skoðunar á því hvort sambandið væri barninu fyrir bestu hefði Rússland brugðist þeirri skyldu.

Það varð því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn sáttmálanum. Í ljósi niðurstöðu sinnar um 8. gr. taldi dómstóllinn óþarft að skoða aðrar greinar sáttmálans. Engra bóta var krafist í málinu.